

Landssambands eldri borgara fagnar frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra um bætt kjör aldraðra

Landssamband eldri borgara fagnar frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem ráðherra lagði fram á Alþingi 25. júní sl. Landssambandið skorar á alþingimenn að samþykkja frumvarpið þannig að aðstefndar kjarabætur aldraðra gangi í gildi 1. júlí og minnir á að um 36.000 Íslendingar eru 67 ára og eldri og hefur þessi hópur enga lögvarða samningsstöðu um kjör sín og réttindi.

Í frumvarpinu eru stigið mikilvægt fyrsta skref í þá átt að bæta kjör aldraðra og draga að fullu til baka þær skerðingar sem lögfestar voru árið 2009, eins og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn lofuðu á aðdraganda kosninga til Alþingis 27. apríl sl.

Ákvæði frumvarpsins um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækki úr 480.000 kr. í 1.315.200 kr. á ári, hvetur aldraða til aukinnar þátttöku og virkni í atvinnulífinu og eykur möguleika þeirra á að bæta kjör sín. Ákvæði frumvarpsins um að lífeyrissjóðstekjur skerði ekki grunnlífeyri almannatrygginga mun bæta kjör fjölmargra aldraðra. Sambærileg áhrif mun hafa framkvæmd fyrirheits sem gefið er í greinargerð frumvarpsins um að lagaákvæði frá 2009 um hækkun hlutfalls tekjutengingar tekjutryggingar úr 38,35% í 45%, verði ekki framlengt er ákvæðið fellur úr gildi í árslok 2013.

Landssamband eldri borgara leggur áherslu á að haldið verði áfram vinnu í þágu aldraðra við einföldun og umbætur á almannatryggingakerfinu þar sem m.a. verði byggt á vinnu hóps sem starfaði á síðasta kjörtímabili og skipaður var fulltrúum frá öllum þingflokkum, aðilum vinnumarkaðarins og helstu hagsmunaaðilum.

Samþykkt á fundi stjórnar Landssambands eldri borgara 26. júní 2013